



Selfossi 8. apríl 2014

Fundargerð fagráðs

6. fundur fagráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 8. apríl 2014, kl. 9.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. (Glóð)

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Jón G. Valgeirsson, Gunnsteinn Ómarsson, Kristján Einarsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Einar Sveinbjörnsson frá KPMG.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 9.00

1. Ársreikningur 2013

Ársreikningur ársins 2013 lagður fyrir.

Umræður um einstaka liði, m.a. afskriftaprósentu, kaup BÁ á Árvegi 1 og þjónustusamning við Slökkvitækjapjónustu Suðurlands ehf.

Ársreikningur 2013 staðfestur án athugasemda og lagður fyrir vorfund Héraðsnefndar til frekari afgreiðslu.

2. Önnur mál

- a. Staðan í dag varðandi t.d. mannskapsmál. Fram kom að stjórnendur hafa hug á að bæta við mönnum á allar stöðvar. Nýir slökkviliðsmenn verða að uppfylla ákvæði reglugerðar varðandi menntun og þrekpróf.
- b. Íslandsmót slökkviliðsmanna. Pétur sagði frá því að hópur frá BÁ tók þátt í Íslandsmóti slökkviliðsmanna á dögnum og fékk Hópeflisverðlaunin 2014, sýnir það vel hversu vel tekst að blanda saman mönnum milli stöðva.
- c. Staða gjaldskrármála rædd. Gjaldskráin hefur tekið gildi eftir auglýsingu í Stjórnartíðindum.
- d. Myndataka. Kristján myndaði fagráðsmenn við slökkvibíl.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:00